

Shofman gegn Rússlandi

Dómur frá 24. nóvember 2005

Mál nr. 74826/01

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Mál til vefengingar á faðerni barns. Málshöfðunarfrestur.

1. Málsatvik

Kærandi, Leonid Mikhaylovich Shofman, er rússneskur og þýskur ríkisborgari, fæddur 1957 og búsettur í Þýskalandi. Hann bjó ásamt eiginkonu sinni í Rússlandi og ól hún son þann 12. maí 1995. Var kærandi skráður faðir barnsins. Í mars 1996 flutti kærandi til Þýskalands. Í september 1997 tilkynnti eiginkona hans honum að hjónabandi þeirra væri lokið og að hún myndi sækja um meðlag með barninu. Á svipuðum tíma bentu ættingjar kæranda hans honum á að láta á það reyna hvort hann væri í raun og veru faðir barnsins. Kærandi sótti um skilnað og höfðaði dómsmál til vefengingar á faðerni þann 16. desember 1997.

Á grundvelli niðurstaðna DNA-rannsóknar taldi dómstóll að kærandi gæti ekki verið faðir barnsins en þar sem málshöfðunarfrestur í slíkum málum væri samkvæmt lögum eitt ár frá fæðingu barns var málinu vísað frá. Dómurinn var staðfestur við áfrýjun og í september 2002 var fallist á meðlagskröfu fyrrverandi eiginkonu kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að með því að málssóknarréttur hans til vefengingar á faðerni barns hefði fallið niður samkvæmt lögum hefði réttur hans skv. 8. gr. sáttmálans verið brotinn.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að málshöfðunarfrestur í vefengingarmálum gæti verið réttlætanlegur í því skyni að tryggja að ekki ríki óvissa um fjölskyldubönd og til að vernda hagsmuni barnsins. Hins vegar hefði dómstóllinn hingað til aðeins fengið til skoðunar mál þar sem kærandi hefði vitað með vissu eða haft ástæðu til að ætla frá fyrsta degi að hann væri ekki faðir tiltekins barns, en ekki gripið til aðgerða til að vefengja faðerni innan lögmæltis málshöfðunarfrests. Aðstæður kæranda í þessu máli væru ólíkar þeim málum að því leyti að kæranda grunaði ekki að drengurinn væri ekki sonur hans og hann ól hann upp sem sitt barn í tvö ár frá fæðingu.

Kærandi hefði haft rétt til þess að höfða mál til vefengingar faðernisviðurkenningunni hefði hann höfðað mál innan árs frá fæðingu barnsins. Rússnesku hjúskapar- og sifjalögin heimiluðu engar undantekningar frá umræddum málshöfðunarfresti í sérstökum aðstæðum, eins og t.d. þegar eiginmanni hefði ekki orðið ljóst fyrr en meira en ári eftir fæðingu barns að hann kynni að vera ranglega talinn faðir þess. Slíkar undantekningar væru hins vegar fyrir hendi í öðrum aðildarríkjum sáttmálans. Dómstóllinn taldi ríkið ekki hafa fært fram neinar ástæður sem réttlættu að nauðsynlegt væri í lýðræðisríki að koma á svo fortakslausum málshöfðunarfresti.

Var það mat dómstólsins að það væri ekki í samræmi við kröfur um meðalhóf, miðað við þau markmið sem stefnt var að með málshöfðunarfrestinum, að kæranda væri útilokað að vefengja faðerni nema hann uppgötvaði það innan árs frá fæðingu að hann væri ranglega talinn faðir barns. Var það því niðurstaða dómstólsins að ríkið hefði ekki tryggt rétt kæranda til friðhelgi einkalífs og að brotið hefði verið gegn rétti kæranda skv. 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 6.000 evrur í miskabætur og 3.299 evrur í málskostnað á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.